

**Efni: Borgarlínan í Reykjavík. 1. lota Borgarlínunnar | Ártún – Fossvogsbrú. Rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030/40. Vinnslutillaga í forkynningu**

Góðan daginn

Kópavogur og Reykjavíkurborg hafa samþykkt að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Sveitarfélögin óska eftir ábendingum [hagaðila](#) um tillögurnar fyrir 30. apríl nk. Ábendingar og athugasemdir við drögin skal senda á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is), [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) og á [samráðsgáttina](#).

Drög að breytingartillögum í Kópavogi og Reykjavík fjalla um tillögu að legu Borgarlínunnar og tillögur að staðsetningu kjarnastöðva. Í drögum að skipulagsgögnum eru jafnframt kynntar hugmyndir að leiðbeinandi staðsetningum almennra stöðva, viðmiðum um hönnun göturýmis og forgang almenningssamgangna og virkra ferðamáta. Í drögum fyrir Reykjavík eru jafnframt kynnt áform um Sæbrautarstokk og Miklubrautarstokk. Umhverfisskýrsla er hluti af drögunum, sem fjallar um helstu umhverfisáhrifin m.v. fyrirliggjandi gögn. Drög að aðalskipulagsbreytingu Kópavogsþær verða aðgengileg á heimasíðu Kópavogsþær [www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu](http://www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu) og drög fyrir Reykjavík á heimasíðunni [www.adalskipulaq.is](http://www.adalskipulaq.is). Jafnframt verða ofangreind gögn aðgengileg á samráðsgáttinni, [www.island.is](http://www.island.is).

Frumdrög að Borgarlínunni eru fylgigögn með skipulagsgögnunum. Í þeim er hægt að finna ítarlegri upplýsingar m.a. um ákvörðun um Borgarlínuna, framkvæmdakostnað, hönnunarforsendur, legu, valkosti, umferðarspá og umhverfisáhrif. Frumdrögin eru aðgengileg á [www.borgarlinan.is](http://www.borgarlinan.is).

Bestu kveðjur,

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags  
Umhverfis- og skipulagssviði  
Reykjavíkurborgar

**Sent á eftirfarandi [hagaðila](#):**

Grænni byggð  
Landvernd  
Samtök atvinnulífsins  
Samtök iðnaðarins  
Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra  
Landssamtök hjóreiðamanna  
Félag íslenskra bifreiðaeigenda  
Háskóli Íslands  
Háskólinn í Reykjavík  
Strætó bs.  
Íbúaráð í Reykjavík /Íbúasamtök